



Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Vespur og rafhlaupahjól

Kristján Freyr Geirsson



Hver er maðurinn?

**Kristján Freyr Geirsson,
kallaður Krissi, 57, á tvö börn og bý í Keflavík.**

- **Hóf störf í lögreglunni 20 ára, 1. nóvember 1987,**
- **37 ára starfsaldur 1. nóvember 2024.**
- **Almenn deild, skot- og valdbeitingarþjálfari**
- **Þjálfari/kennari í akstri með forgangi**
- **Forvarnir frá 1993 -**
- **Samfélagslögga**
- **Leyfismál – útgáfa skotvopnaskírteina, kaup á skotvopnum, úttekt á skotvopnaskápum, sprengistjóraskírteini, flutningur á sprengiefni, dyravarðaskilríki, tækifærisleyfi, akstursíþróttir/keppnir og umsagnir vegna hótél- og gististaða.**
- **Ökukennari frá 2019**









Lúlli löggubangsi



Besti vinur barnanna




Af hverju erum við hérna saman komin?

- **Hegðun barna og ungmenna við akstur á þessum ökutækjum**
- **Snjalltækja og farsímanotkun við akstur**
- **Hvar þessum ökutækjum er ekið, mjög víða og frjáslega**
- **Slys – töluvert um þau misalvarleg – mögulega varanleg**
- **Farþegaflutningar**
- **Hjálmanotkun**
- **Tilkynningar til lögreglu og annarra vegna óæskilegrar hegðunar á þessum tækjum**















Lögreglan óttast slys á rafhlaupahjólum

Slys á
hverjum
degi á
rafhlaupa
hjólum





EKKI SKÚTA UPP Á BAK









Vespur - rafhlaupahjól





Létt-bifhjól í flokki I

Létt bifhjól í flokki 1 eru vélknúin ökutæki á tveimur eða þremur hjólum sem ná ekki meiri hraða en 25 km/klst hvort sem þau eru raf- eða bensíndriferin.

HVER ERU ALDURSTAKMÖRKIN?

Ökumaður verður að vera orðinn 13 ára.

ÞARF EINHVER RÉTTINDI?

Það er ekki gerð krafa um ökunám eða ökuréttindi.

MÁ VERA MEÐ FARÞEGA?

Nei - ekki nema ökumaður sé 20 ára eða eldri, enda sé bifhjólið ætlað til þess.

ÞARF AÐ VERA MEÐ HJÁL M OG Í HLÍFÐARFATNAÐI?

Skylt er að vera með bifhjólahjál og nota skal viðurkenndan lágmarkshlífðarfatnað ætlaðan til aksturs á bifhjóli.

Má nota farsíma eða snjalltæki við akstur á rafmagnsvespu?

Nei, snjalltækja- og farsímnotkun á vespu er **bönnuð samkvæmt lögum.**

Stöðva ber áður en síminn er notaður.





Létt-bifhjól í flokki I

HVAR MÁ AKA?

Það er heimilt að aka þessum tækjum á gangstétt, hjólastíg eða gangstíg, svo framarlega sem það veldur ekki hættu eða óþægindum fyrir gangandi vegfarendur eða ef lagt hefur verið bann við því. Mælt er með því að þessi tæki séu **ekki notuð** í almennri umferð þar sem hraði er meiri en 50 km/klst þótt það sé heimilt.

ÞARF TRYGGINGAR?

Engin vátryggingarskylda er á þessum hjólum en eigendur eru hvattir til að leita ráða hjá tryggingafélögum varðandi ábyrgðartryggingar.

ERU ÞAU SKRÁNINGARSKYLD?

Þessi hjól eru ekki skráningarskyld.







Rafhlaupahjól

Vélknúin hlaupahjól (rafmagnshlaupahjól) tilheyra flokki reiðhjóla og eru hönnuð til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 km á klst.

Í umferðarlögum kemur fram að slíkum farartækjum má þó **ekki aka á akbraut** en þau lúta að öðru leyti sömu reglum og reiðhjól t.d. hvað varðar öryggisbúnað.

Ekkert aldurstakmark er á vélknúin hlaupahjól en ávallt skal fara eftir þeim viðmiðum og leiðbeiningum sem framleiðandi hjólsins leggur til. Við minnum sérstaklega á að börn og ungmenni undir 16 ára aldri eiga **skv. lögum** alltaf að nota hjálm við hjólreiðar.

Má aka um með farþega á rafmagnshlaupahjóli?

Nei, stranglega bannað.

Má aka á akbraut (götu) á rafmagnshlaupahjóli?

Nei, í umferðarlögum kemur fram að það má ekki aka rafknúnu hlaupahjóli á akbraut.





Rafhlaupahjól

Má fara hjólandi yfir götu (eða gangbraut) á rafmagnshlaupahjóli?

Já, það má. Mikilvægt er að hægja vel á sér og gæta vel að umferð um akbrautina. Ef hjólandi er óhætt að fara yfir skal það gert á **gönguhraða**

Má nota farsíma eða snjalltæki við akstur á rafmagnshlaupahjóli?

Nei, snjalltækja- og farsímnotkun á hjóli er **bönnuð samkvæmt lögum**. Stöðva ber hjólið áður en síminn er notaður.



Purfa að vera einhver sérstök ljós á rafmagnshlaupahjóli?

Já, mikilvægt er að vera með öflug og góð ljós - hvítt að framan og rautt að aftan.

- Skyld er að vera með ljós þegar skyggja tekur.
- Endurskin á að vera á hjólinu, bæði að framan og aftan.
- Mikilvægt að vera í vesti eða sýnilegum fatnaði.









Þyngd þín:

70

Þyngd þín við árekstur á mismunandi hraða:

kg

1.008

kg

2.800

kg

5.488

kg

9.072

kg

13.552

kg

16.128

30

50

70

90

110

120



Stöndum saman



- **Vinum saman að bættri umferðarmenningu**
- **Með bættri umferðarmenningu og hegðun komum við í veg fyrir frekari slys**
- **Sýnum gott fordæmi og verum góðar fyrirmyndir**
- **Förum að lögum og reglum er gilda um þessi ökutæki**
- **Komum öll heil heim**





Heiðursverðlaun

Ungmennaráðs Reykjanesbæjar 2022

Fyrir framúrskarandi störf í þágu ungmenna Reykjanesbæjar og þá sérstaklega fyrir virka þátttöku forvarnarstarfi fyrir börn og ungmenni í Reykjanesbæ.





**Gangi ykkur vel í námi,
starfi og lífinu sjálfu.**

**Með forvarnakveðju,
Krissi lögga**